



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2014

**Efni: Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög). Þingskjal 295 – 257. mál.**

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem Velferðarsviði Reykjavíkurborgar var sent til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög).

Með fyrrnefndu frumvarpi er lagt til að sameina þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins í eina stofnun. Þær stofnanir sem um ræðir eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur að markmið sameiningarinnar um að bæta aðgang notenda að heildstæðri þjónustu með því að samræma og samþætta þjónustu ásamt því að auka gæði og skilvirkni hennar vissulega skref í rétta átt til þess að tryggja fötluðu fólki á öllum aldri betri þjónustu. Velferðarráð Reykjavíkurborgar efast þó um að fyrirbyggjandi frumvarp leiði til alls framangreinds.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur jákvætt að hlutverk nýrrar stofnunar sé að veita öllum þjónustu án tillits til aldurs og að ný stofnun muni auka og einfalda aðgengi fatlaðs fólks að sérhæfðri þjónustu. Hins vegar telur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ljóst að til þess að mögulegt sé að veita öllum fullnægjandi þjónustu án tillits til aldurs skortir fjármagn og fullnægjandi aðstöðu. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins virðist ekki ná að sinna lögbundnu hlutverki sínu í dag vegna álags og er fjölda barna vísað frá árlega sem sannanlega þurfa á þjónustu að halda. Auk þess er biðlisti eftir þjónustu langur. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur mikilvægt að ný stofnun sem á að veita öllum þjónustu án tillits til aldurs fái til þess nægt fjármagn og fullnægjandi fjölda sérhæfðra starfsmanna þar sem ekki tekst að sinna nauðsynlegri þjónustu í dag við öll börn sem þurfa á henni að halda.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Bára Sigurjónsdóttir,  
lögfræðingur